

**621. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 24. október 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúinn Guðlaugur Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun.

Jón Ingi Jónsson gerði athugasemd við að fullnægjandi fylgigögn hafi ekki fylgt með fundarboði.

Að þeirri athugasemd fram kominni lýsti oddviti fund 621 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál bætist við dagskrá með málsnúmer 2301025. Var það samþykkt samhljóða og verður málið nr. 27 á fundinum og færast aðrir liðir aftar sem því nemur.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091

Tillaga að fjárhagsáætlun lögð fram í samræmi við 3. mgr. 62. gr. Sveitarstjórnalaga nr. 138/2011.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að vísa tillögunni til frekari vinnslu og til fyrri umræðu um fjárhagsáætlun sem fer fram á síðari fundi sveitarstjórnar í nóvember.
JIJ situr hjá.*

2. Aðalskipulag, endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að íbúafundur vegna aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 verði haldinn miðvikudaginn 15. nóvember.

Mál frá 13. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar um að íbúafundur vegna aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 verði haldinn miðvikudaginn 15.11.2023.

3. Samningur um eldvarnareftirlit - 2310148

Samningur við Brunavarnir Suðurnesja um að sinna eldvarnareftirliti í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

Mál frá 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Framlagður samningur samþykktur samhljóða.

4. Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði - 2310149

Tillaga samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um að samningur um starfsemi framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði verði staðfestur og að hann gildi til loka skólaársins 2024/2025.

Mál frá 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samning um starfsemi framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði og gildir hann til loka skólaársins 2024/2025.

5. Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Vestfjörðum - 2309068

Erindi frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum dags. 09.10.2023 varðandi ósk um samstarf og tilnefningu fulltrúa í framkvæmdateymi vegna svæðisbundins samstarfs um afbrotavarnir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þátttöku Tálknafjarðarhrepps í svæðisbundnu samstarfi um afbrotavarnir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Arnheiður Jónsdóttir og Theodóra Jóhannsdóttir, starfsmenn á fjölskyldusviði, verði fulltrúar sveitarfélagsins í framkvæmdateymi vegna verkefnisins.

6. Earth Check 2023 - 2310070

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 11.10.2023 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í framkvæmdaráð Earth Check. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá verkefnastjóra Vestfjarðastofu um næstu skref verkefnisins.

Samþykkt með þremur atkvæðum að Lilja Magnúsdóttir verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í framkvæmdaráði Earth Check. JIJ og MB sitja hjá.

7. Svæðisáætlun um úrgang á Vestfjörðum - 2310068

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 11.10.2023 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í vinnuhóp um gerð svæðisáætlunar um úrgang. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá verkefnastjóra Vestfjarðastofu um stöðu og næstu skref verkefnisins.

Samþykkt með þremur atkvæðum að Lilja Magnúsdóttir verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í vinnuhópi um gerð svæðisáætlunar um úrgang. JIJ og MB sitja hjá.

8. Tilnefning í fulltrúaráð og framkvæmdaráð Velferðarþjónsutu Vestfjarða - 2310063

Erindi frá Ísafjarðarbæ dags. 11.10.2023 þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í fulltrúaráð sérhæfðrar velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Jafnframt liggur fyrir tillaga samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um að Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, verði tilnefnd sem fulltrúi sveitarfélaganna í framkvæmdaráði sérhæfðrar Velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Mál frá 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Samþykkt samhljóða að Jenný Lára Magnadóttir og Jóhann Örn Hreiðarsson verði fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í fulltrúaráði sérhæfðrar velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um að Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, verði fulltrúi sveitarfélaganna í framkvæmdaráði sérhæfðrar Velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

9. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 2310100

Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 13.10.2023 varðandi ársreikning 2022.

Lagt fram.

10. Atvinnu- og hafnarnefnd - 44 - 2310002F

Fundargerð 44. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.10.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 10.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027
- 10.2 2309040 - Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024
- 10.3 2309107 - Hafnafundur 2023
- 10.4 2310042 - Samstarfsfundir Hafnasambands Íslands og Fiskistofu
- 10.5 2310021 - Uppbygging og umgjörð lagareldis, stefna til ársins 2040
- 10.6 2309083 - Dekkjagötunarvél
- 10.7 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023
- 10.8 2301083 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023

11. Skipulagsnefnd - 13 - 2310003F

Fundargerð 13. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Fundargerðin er staðfest með fjórum greiddum atkvæðum.

MB situr hjá.

- 11.1 2306283 - Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar
- 11.2 2210466 - Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar
- 11.3 2309013 - Staðsetning listaverks á Tálknafirði
- 11.4 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði
- 11.5 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

12. Eignarhaldsfélagið Brunbótafélag Íslands - 2310106

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunbótafélag Íslands dags. 13.10.2023 þar sem tilkynnt er um ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga á árinu 2023. Fram kemur að ágóðagreiðsla ársins sé samtals að upphæð 50 milljónir króna og að eignarhlutur Tálknafjarðarhrepps upp á 0,372% skili sér í greiðslu að upphæð kr. 186.000,- til sveitarfélagsins.

Lagt fram.

13. Áfallapol sveitarfélaga - 2310081

Erindi frá Ríkislögreglustjóra dags. 05.10.2023 varðandi könnun á stöðu sveitarfélags til að gera hættumat og viðbragðsáætlun.

Lagt fram.

14. Aðalfundur Iceland Sea Angling hf - 2310094

Erindi frá stjórn Iceland Sea Angling hf. móttakið 12.10.2023 þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem fer fram í Súðavík föstudaginn 27.10.2023.

Lagt fram.

15. Samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487

Undirritaður samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Lagt fram.

16. Samningur við Fiskeldissjóð - 2310115

Undirritaður samningur Tálknafjarðarhrepps og Fiskeldissjóðs vegna styrks til samþykktis verkefnis á árinu 2023.

Lagt fram.

17. Stafrænt samstarf sveitarfélaga 2024 - 2310142

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 19.10.2023 varðandi kostnaðarþátttöku fyrir samstarf sveitarfélaga um stafrænna þróun og umbreytingu á árinu 2024.

Lagt fram.

Vísað til vinnu við fjárhagsáætlun.

18. Kvennaverkfall 24. október 2023 - 2310096

Erindi frá 24 aðstandendum Kvennaverkfalls 2023 sem hefur verið boðað þriðjudaginn 24.10.2023. Jafnframt eru lagðir fram tölvupóstar varðandi sama mál frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 11.10.2023 og frá sveitarstjóra til stjórnenda hjá Tálknafjarðarhreppi dags. 18.10.2023.

Lagt fram.

19. Tilkynning um aflúsun - 2310071

Tilkynning frá Arnarlaxi móttekin 11.10.2023 varðandi aflúsun með aflúsunarefni á eldisstöð fyrirtækisins við Laugardal í Tálknafirði.

Lagt fram.

Sveitarstjórn telur rétt að benda á að vinsæll sjósundstaður er nærri kvíastæðinu við Laugardal og að gæta verður að því að þau efni sem notuð eru við aflúsun ógni ekki öryggi þar.

20. Tilkygning um aflúsun - 2310089

Tilkygning frá Arctic Fish dags. 13.10.2023 varðandi aflúsun með aflúsunarefni á eldisstöð fyrirtækisins við Hvannadal í Tálknafirði.

Lagt fram.

21. Uppbygging og umgjörð lagareldis, stefna til ársins 2040 - 2310021

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 04.10.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 182/2023, „Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040“.

Mál frá 620. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.10.2023 og einnig á dagskrá 44. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.10.2023 og á 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð vinni sameiginlega umsögn vegna málsins og felur sveitarstjóra að vinna að málinu í samstarfi við bæjarstjóra Vesturbyggðar.

22. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 - 2028, 315. mál. - 2310092

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 12.10.2023 þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

Einnig á dagskrá á 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá og senda inn umsögn Tálknafjarðarhrepps um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 í samræmi við drög sem voru lögð fram á fundinum.

23. Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis - 2310121

Erindi frá Aflinu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, dags. 18.10.2023 varðandi starfsemi samtakanna.

Lagt fram.

24. Vetrarþjónusta á þjóðvegum - 2310132

Erindi frá sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps til forstjóra Vegagerðarinnar dags. 18.10.2023 varðandi vetrarþjónustu á þjóðvegum á sunnanverðum Vestfjörðum og fleira.

Mál frá 68. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023

Lagt fram.

25. Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga - 2310128

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 18.10.2023 þar vakin er athygli á nýrri reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023.

Lagt fram.

26. 68. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga að hausti - 2309010

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 13.10.2023 þar sem komið er á framfæri þinggerð 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti sem fór fram í Bolungarvík 06.10.2023-07.10.23.2023 ásamt samþykktum ályktunum þingsins.

Lagt fram.

27. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin rædd.

28. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2308029

Fundargerð 68. fundar samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.10.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Marínó Bjarnason (MB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)